

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. í opið sölufjerli

- Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka falið að annast formlegt sölufjerli
- Sölufjerlið opið öllum fjárfestum er uppfylla tilgreind skilyrði
- Tilboð verða opnuð í viðurvist óháðs aðila

Reykjavík 15. janúar 2010 Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur verið falið að annast formlegt og opið sölufjerli á Sjóvá-Almennum tryggingum hf. („Sjóvá“), sem er í dag 90,7% í eigu SAT Eignarhaldsfélags og 9,3% í eigu Íslandsbanka hf. Fjárfestum gefst kostur á því að bjóða í allt að 100% hlutafjár Sjóvár. Sölufjerlið hefst formlega mánudaginn 18. janúar kl. 10:00 með birtingu upplýsinga á vef Íslandsbanka á slóðinni www.islandsbanki.is/sjova2010.

Sölufjerlið verður opið öllum áhugasömum fjárfestum sem teljast fagfjárfestar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og geta sýnt fram á eiginfjárstöðu umfram 500 milljónir króna.

Áhugasamir fjárfestar þurfa að fylla út trúnaðaryfirlýsingu sem hægt er að nálgast á heimasíðu Íslandsbanka (www.islandsbanki.is/sjova2010) ásamt því að leggja fram nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem staðfesta að ofangreind skilyrði séu uppfyllt. Í kjölfarið fá fjárfestar afhent frekari gögn um félagið. Seljandi áskilur sér þó rétt til þess að takmarka aðgang að sölufjerlinu þegar fyrir hendi eru lagalegar takmarkanir á því að fjárfestir eignist ráðandi hlut í félaginu, svo sem vegna samkeppnisreglna. Jafnframt er vakin athygli á því að samþykki Fjármálaeftirlitsins er skilyrði fyrir því að fjárfestir geti farið með virkan eignarhlut í tryggingafélagi.

Framangreindu skal skilað til Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka. Sölugögn verða afhent frá 18. janúar með rafrænum hætti á netfang sem fjárfestar tilgreina í trúnaðaryfirlýsingu.

Gert er ráð fyrir að óskuldbindandi tilboðum sé skilað til Íslandsbanka, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, þriðjudaginn 2. febrúar 2010, fyrir kl. 14:00, í lokuðu umslagi merkt „Fyrirtækjaráðgjöf/Sjóvá2010“.

Þeim fjárfestum sem leggja fram hæstu tilboðin og sýna fram á fjárhagslega burði til að standa við þau, verður boðið til áframhaldandi þátttöku í sölufjerlinu. Fá þeir þá aðgang að nánari upplýsingum um starfsemi og fjárhag fyrirtækisins.

Tilboðum, með fyrirvara um áreiðanleikakönnun, ber að skila í síðasta lagi mánudaginn 22. febrúar 2010, fyrir kl. 14:00, með sama hætti og að framan greinir.

Tilboð verða opnuð í viðurvist óháðs aðila.

Lárus Ásgeirsson, forstjóri Sjóvár:

„Sölufjerlið á Sjóvá kemur í beinu framhaldi af mjög vel heppnaðri fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins. Staða Sjóvár er góð og félagið hefur verið endurfjármagnað. Sölufjerlið hefur engin áhrif á daglega starfsemi félagsins eða viðskiptavini þess.“

Allar nánari upplýsingar verður að finna á vef Íslandsbanka undir slóðinni www.islandsbanki.is/sjova2010, frá kl. 10:00, mánudaginn 18. janúar 2010.

Nánari upplýsingar um sölufjerlið:

Már Másson, forstöðumaður samskiptasviðs, sími 844 4990, netfang mm@isb.is